

Ed.

109. Nefndarálit

um frv. til laga um búfjártryggingar.

Frá miinni hluta landbúnaðarnefndar.

Jeg undirritaður hefi eigi getað orðið samnefndarmönnum mínum sam-
mála um frv. þetta eins og það liggur fyrir.

Málið, er frv. fjallar um, er nauðsynjamál, er kemur til að skifta fjölda
manna, búendur og aðra búfjáreigendur, miklu, hverja afgreiðslu það fær. Hins-
vegar er frv. þetta eigi þannig að undirbúningi og frágangi, að forsvaranlegt sje,
að það verði gert að lögum.

Að því, er mér er best kunnugt um, hefir mál þetta verið rætt á tveim
undanförnum búnaðarþingum, en eigi hefir þeim, er um það hafa fjallað þar,
þótt nægileg gögn vera fyrir hendi til endanlegrar afgreiðslu þess; og eigi er vit-

anlegt, að fram sjeu komin þau gögn, er búnaðarþingið æskti, að fengin væru áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um fyrirkomulag búfjártrygginganna.

Jeg tel varhugavert, að lög ákvarði skyldutrygging sumra búfjáreigenda, án þess leitað hafi verið álits rjettra hlutaðeigandi búfjáreigenda um það atriði. Slík lögboðin skyldutrygging hlýtur að leiða til allverulegra fjárútláta fyrir hlutaðeigendur.

Frv. hefir engar ákvarðanir um hæð iðgjaldanna, að líkindum vegna vantiandi grundvallar að byggja á. Ákvæðið um hæð fjárframlaga þeirra, er tryggja vilja búfje sitt, eru lögð óbundið í hendur eins manns, atvinnumálaráðherra. Verður að telja slíkt varhugavert.

Vegna framangreindra ástæðna og annara, er grein verður gerð fyrir i framsögu, legg jeg til, að háttvirt þingdeild vísi frv. þessu aftur til landsstjórnarinnar með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að frv. um búfjártryggingu varðar mjög alla búfjáreigendur, en mál þetta eigi nægilega undirbúið, vísar deildin frv. til landsstjórnarinnar aftur, til rækilegri undirbúnings, og felur henni að leita álits allra sveitarstjórna og sýslunefnda um málið. Ennfremur felur deildin landsstjórninni að láta safna skýrslum um vanhöld og búfjársjúkdóma um land alt og fá tillögur um fyrirkomulag og tilhögun váttrygginganna. Undirbúa síðan máiið, að fengnum nægilegum gögnum um þessi atriði.

Alþingi, 6. febr. 1928.

Jónas Kristjánsson.